

Ábendingar til vinnuveitenda sem eru með starfsmenn sem vilja læra íslensku.

Nokkur góð netnámskeið og orðabækur á klaustur.is undir **Learn Icelandic** á forsiðunni.

Fræðslunet Suðurlands er oftast með einhver námskeið í gangi á Klaustri, oftast fyrir byrjendur.

Mimir.is er með námskeið í íslensku, sum þeirra eru í fjarnámi

Þessri skólar eru með námskeið í fjarnámi fyrir þá sem eru lengra komnir. Þessir skólar gætu hentað fólki sem er orðið talandi og skilur texta á íslensku. Leitið að fjarnám á heimasíðu þessara skóla:

- Fjölbrotarskólinn við Ármúla (fa.is)
- Verslunarskóli Íslands (verslo.is)
- Verkmenntaskólinn á Akureyri (vma.is)
- Fjölbrotarskólinn í Garðabæ (fg.is)

Orðabækur á netinu undir Snara.is Ekki frítt. Vinnustaðurinn gæti keypt aðgang.

Á **Héraðsbókasafninu á Kirkjubæjarklaustri** er mjög mikið af bókum fyrir alla. Gæti vinnustaðurinn sótt bækur einu sinni í mánuði?

Nýtið RUV til íslenskukennslu

Er RUV sjónvarpið stillt á 888 þannig að það komi texti með íslensku tali?

Á RUV er hægt að smella á hlusta við fréttirnar. Það hentar vel til að heyra og hlusta.

Á RUV.is er mjög mikið af efni á íslensku. Barnaefni getur hentað í byrjun en svo eru þar kvikmyndir og þættir, fréttir, Sumarlandinn, Náttúran mín og margt annað.

Íslenskunáman – spjöld með orðum og myndum

Það eru til orðaforðakennsluefni sem heitir Íslenskunáman. (islenskunaman.is). Þetta eru spjöld með orðum og myndum t.d. um föt, fyrsta samtalið, matur og fleira. Það gæti verið gott að kaupa spjöld og eiga á vinnustaðnum. Þar eru líka gagnvirkir leikir til að kenna orðaforða og einfalda málfræði.

Miðar á veggjum með íslenskum setningum:

Á vinnustaðnum getur verið gott að hengja upp miða með íslenskum setningum: Viltu fara í það? Má bjóða þér kaffi? Á ég að hjálpa þér? Það er langbest að fá útlendingana sjálfa til að útbúa spjöldin og jafnvel teikna myndir eða setja ljósmyndir með. Það er auðvelt að gera það í síma eða tölvu. Muna bara að láta einhvern sem kann íslensku lesa yfir.

Íslensk menning - dagatalið

Er hægt að taka fyrir eitthvað úr íslenskri menningu í hverri viku? Næsti rauður dagur, fjárréttir, smalamennskur, húsdýrin okkar, jólasveinarnir, Grýla, tónlist, tala um eitthvað sem er í sjónvarpinu, menningarnótt, gleðigönguna, góðar gönguleiðir eða eitthvað annað.

Menning heimalandsins

Er hægt að taka fyrir eitthvað úr menningu útlendinganna? Tónlist, dans, bók, mataruppskrift, þrjónauppskrift eða eitthvað annað?

Syngja saman einföld lög: Sofðu unga ástin mín, Ef væri ég söngvari, Sigga litla systir mín, stafrófið, Söngur er besta framburðaræfingin og svo festist vel í minni texti sem þú getur sungið. Prenta út textann á íslensku og rifja upp aftur á næstu vikum.

Tónlistarmyndbönd á netinu eru sum með íslenskum texta.

Ég er eins og ég er með Páli Óskari

<https://www.youtube.com/watch?v=gpjBunTaAyE>